

## AÐALFUNDUR SVP 2011

Ráðherra – ágætu gestir

Í dag hefst sameiginlegt átak SVP og VR undir slagorðinu „**Spilum saman**“ – en þetta átak er nú haldið í annað sinn á jafnmörgum árum. Gengur átakið m.a. út á að þakka íslenskum neytendum fyrir samspilið – og benda á - að í hvert sinn sem þeir greiða fyrir vörur og þjónustu hér á landi - stuðla þeir að öflugri fyrirtækjum og hærra atvinnustigi á Íslandi.

**En átakið snýst ekki síður um að beina sjónum að þeirri atvinnugrein sem við störfum í – verslun og þjónustu** og setja þessa atvinnugrein í þjóðhagslegt samhengi og benda á mikilvægi hennar. Í okkar atvinnugrein **starfar fjórði hver Íslendingur** á hinum almenna vinnumarkaði - og í greininni mun stór hluti þeirra 20.000 starfa sem við þurfum að skapa á komandi misserum verða til. Verslun og þjónusta þarf að verða miklu frekari í umræðunni – taka það pláss sem henni ber en að eftirláta ekki öðrum atvinnugreinum að einoka umræðuna oft á tíðum. Það er stundum sagt að við séum eins og ljón sem mjálmar og því eigum við að breyta. **Við erum 25% af hinum almenna vinnumarkaði – við erum með 25% vægi í Samtökum atvinnulífsins** - og þessari staðreynd er brýnt að halda á lofti. Það á ekki síst við gagnvart pólitíkinni og stjórnslunni, enda verða menn oft hissa á þeim bænum þegar þeir átta sig á stærðarhlutföllum milli atvinnugreina – enda er oft litið á verslun og þjónustu sem hálfgerða afgangstærð.

Gott dæmið um þetta er að aðrar atvinnugreinar hafa flestar eigin ráðuneyti – við höfum landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytið – iðnaðarráðuneytið þar sem ferðaiðnaðurinn er einnig innanborðs - en síðan efnahags- og viðskiptaráðuneytið þar sem verslun og þjónusta er til húsa - ásamt mörgum öðrum málaflokkum. Þar höfum við oft á tilfinningunni að við **séum geymd í einni skúffu, sem sé opnuð á tyllidögum – og að viðkomandi ráðherra sé ekki alltaf með það á hreinu - að hann sé fagráðherra verslunar og þjónustu.**

**En afskiptaleysi hins opinbera gagnvart verslun og þjónustu snýst ekki bara um hugarfar heldur ekki síður um krónur og aura.** Það er eiginlega þyngra en tárur taki að lesa fjárlögin á hverju ári, og vil ég hvetja alla til að kynna sér þá fjármuni sem íslenska ríkið setur í aðrar atvinnugreinar s.s. í formi hagsmunagæslu, styrkja og rannsókna. Þær upphæðir hlaupa á tugum og hundruðum milljóna á sama tíma og verslunin fær vart tókall með gati

Í ljósi þessa hefur það verið **skýr afstaða SVP frá stofnun samtakanna að til verði eitt öflugt atvinnuvegaráðuneyti þar sem jafnvægis verði gætt milli atvinnugreina.** Að fram komi ráðherra sem hafi heildaryfirsýn yfir atvinnulífið og taki ákvarðanir með heildarhagsmunum atvinnulífsins í huga - **en sé ekki bundinn þröngum sjóndeildarhring og sérhagsmunum.** Atvinnulífið sjálft hefur enda góða reynslu af því að starfa sameinað innan Samtaka atvinnulífsins. Sumar atvinnugreinar hafa mótað sér þá afstöðu að vera á móti stofnun atvinnuvegaráðuneytis m.a. á þeirri forsendu að sameinað ráðuneyti verði veikara en aðskilin ráðuneyti. Gera sem sagt ráð fyrir að 1 + 1 verði minna en 2.

Þessu erum við ekki sammála. Við sjáum einfaldlega fyrir okkur að atvinnuvegaráðuneytið verði eitt öflugasta ráðuneyti stjórnarsýslunnar – að mikil hagræðing náist með sameiningu ráðuneyta, en ekki síður með sameiningu og aukinni skilvirkni ýmissa undirstofnanna núverandi ráðuneyta sem oft á tíðum eru að vinna að sömu eða svipuðum málefnum. **Núverandi skipan ráðuneytanna er einfaldlega úrelt- enda voru þau skipuð þegar atvinnulífið var miklu einhæfara en nú er.** Atvinnulífið getur illa staðið gegn þessari hagræðingu og skilvirkni sem skila á sparnaði upp á mörg hundruð milljónir. Það sem atvinnulífið á að einbeita sér að - er að tryggja að allar atvinnugreinar komi að þessum breytingum og að öflugt samráð verði haft við það um uppbyggingu nýs atvinnuvegaráðuneytis - þannig að tryggt verði að 1 + 1 verði aldrei minna en 3.

Ágætu gestir - með réttu er vandlega fylgst með þróun verðlags á Ísland – ekki síst matvæla en í matvælakörfunni vega landbúnaðarafurðir þungt eða **rúm í 40%** Ég get því ekki látið hjá líðast að ræða örlítið um nýafstaðið Búnaðarþing og ályktanir sem þaðan bárust. Í fyrsta lagi dreg ég í efa að forysta Bændasamtakanna endurrómi skoðanir allra bænda – enda vitum við í versluninni að margir bændur vilja breytingar og sjá margvísleg tækifæri m.a. með aðild að ESB. **Núverandi kerfi landbúnaðarins er óheilbriggt - niðurnjörvað í ríkisrekið styrkjakerfi, tollvernd og innflutningskvóta.** Enda hverju hefur þetta kerfið skilað okkur? Jú – við íslenskir skattgreiðendur búum við eitt dýrasta landbúnaðarkerfi í heimi - og íslenskir neytendur búa við eitt hæsta landbúnaðarverð í heimi. Þá hefði maður haldið að þetta sama kerfi skilaði bændum einhverju í aðra hönd – fyrir því væri jú bændaforystan að berjast - en það er öðru nær. Bændur eru láglaunastétt þar sem atvinnutekjur bænda eru þær lægstu þegar atvinnutekjur í helstu atvinnugreinum eru bornar saman. **Forysta bænda vill engu að síður slá skjaldborg um kerfi – sem allir tapa á - skattgreiðendur, neytendur - en ekki síst bændur sjálfir.** Þetta getur vart verið sú framtíð sem bændur sjá fyrir sér - sér og sínum til handa?

**En á það skal lögð áhersla að íslensk verslun styður íslenskan landbúnað - en getur ekki stutt óbreytt landbúnaðarkerfi – til þess er það einfaldlega of dýrt og of gallað. Vaxandi gagnrýni á núverandi landbúnaðarkerfi mun þó ekki síður koma frá íslenskum skattgreiðendum og íslenskum neytendum sem munu gera vaxandi kröfu um lægri skattbyrði og lægra matarverð.** Íslenskir bændur og íslenskar landbúnaðarafurðir eru á mörgum sviðum í fremstu röð og munu um ókomna framtíð eiga samleið með íslenskum neytendum - enda vilja Íslendingar sjá öflugan íslenskan landbúnað. Hins vegar veltur björt framtíð bænda á að þeir – eins og allur annar atvinnurekstur, átti sig á hvar styrkleikar þeirra og veikleikar liggja og hvar framtíðarvaxtamöguleikarnir eru. **Framtíð bænda felst ekki í óbreyttu kerfi og fáir sjá fæðuöryggi Íslendinga í núverandi kerfi. Fæðuöryggi Íslendinga er samofið fæðuöryggi annarra Evrópuþjóða.**

Ég hef ítrekað haldið því fram að hlutverk okkar hjá SVP og SA sé að reka atvinnupólítík – ekki pólítík. Ég hef lagt áherslu á að það sé hlutverk okkar að starfa með hvaða flokkum sem er og að allar okkar ákvarðanir séu teknar á faglegum grunni. Ég hef verið þeirra skoðunar að þeir sem hafa viljað fara aðra leiðir séu á rangri hillu og eigi ekki að starfa að hagsmunagæslu. Hins vegar hef ég komist á þá skoðun að “nauðsyn brýtur lög” – **nú sé einfaldlega þannig komið að atvinnulífið geti ekki setið lengur á sér og verði að segja hátt og skýrt – hingað og ekki lengra!**

Ég tel að það hafi verið rétt mat á stöðunni þegar Íslendingar gáfu núverandi stjórnvöldum meirihluta í kosningunum 2009 – annað kom vart til greina miðað við það sem á undan var gengið. Og sennilega hefur engin ríkisstjórn fengið annað eins skítaverkefni í fangið - að reisa við heilt samfélag eftir hrun og það var vitað að verkefnið yrði erfitt og lítt til vinsælda fallið. En síðan þá - eru liðin tvö löng og tvö afar erfið ár – **og ég tel að við séum nú komin að tímamótum.**

Ég fylli þó ekki þann flokk sem kyrjar í sífellu að allt sem miður fari á Íslandi í dag sé einni ríkisstjórn að kenna – enda það í versta falli ósanngjarnt. Ég tel jafnframt að allt of margir sem eiga að vera að leggja hönd á plóginn **hafi misst allt frumkvæði** – og horfi til ríkisstjórnarinnar með lausnir á öllum vandmálum og öllum verkefnum – stórum og smáum. Helsta verkefni núverandi ríkisstjórnar var rústabjörgun og ég er á þeirri skoðun að sagan muni dæma hana mun betur en almannarómur gerir um þessar mundir. En í stöðunni í dag er það hins vegar algjört aukaatriði. **Að mínu viti er mórallinn í landinu einfaldlega orðinn með þeim hætti - að ógerlegt er að halda áfram án breytinga.**

Ég lít á þetta ekki ósvipað og þegar íþróttalið lenda í vandræðum. Þá er oft gripið til þess ráðs að reka þjálfarann – þó enginn viti með vissu hvort nýi þjálfarinn muni standa sig betur. Þetta er hins vegar talin fljótlegasta leiðin til að ná liðinu aftur á skrið – ná mórallnum upp – fá liðsmenn til að finna baráttuandann á ný og viljann til að leggja sig fram. **Akkúrat þetta sárvantar okkur Íslendinga!**

**Andrúmsloftið á Íslandi er með þeim hætti að það verður að taka gríðarlega alvarlega.** Mennta eru þreyttir – vonlitlir – svartsýnir – reiðir – enda leitandi að þeim aðila í samfélaginu sem talar kjark og kraft í þjóðina. **Grátkórinn hefur tekið yfir sviðið. Baráttuprekið fer ört dvínandi og án baráttuanda og vonar um bjartari tíð erum við komin í grafalvarlega stöðu.** Við Íslendingar stöndum frammi fyrir mörgum verkefnum en sennilega hefur aldrei verið eins mikilvægt eins og nú að forgangsraða þeim og vinna okkur í sameiningu niður þann lista. **Mikilvægast er að ná hagvexti í gang á ný** – og blómlegt atvinnulíf er undirstaða hagvaxtar. Nú er hins vegar svo komið að allt of mörg fyrirtæki eru eins og skrælnuð lauf sem kalla á betri rekstrarskilyrði – og verða mörg að fá betri rekstrarskilyrði innan fárra mánaða til að lifa af.

Við verðum að stækka kökuna þ.a. meira verði til skiptanna og til þess verðum við að **nýta allar okkar auðlindir til sjávar og sveita á sjálfbærán hátt** – og tryggja að við göngum ekki um auðlindir landsins eins og við séum síðasta kynslóðin sem muni erfa þetta land. Árið í fyrra skilaði okkur neikvæðum hagvexti og nú er fyrsti ársfjórðungur þessa árs að renna sitt skeið. Að óbreyttu munu fjárlög

komandi árs verða okkur afar erfið, með enn meiri skattahækkunum og enn meiri niðurskurði. Sú vinna bíður allra þingmanna ef fer fram sem horfir.

**Við verðum að skapa nýja þjóðarsátt. Til þess þurfum við ekki þjóðstjórn – til þess þurfum við ekki enn einar kosningarnar. Við þurfum ríkisstjórn um þjóðarhag. Ég tel að við séum kominn á þann tímamunkt að “þjálfaraskipti” eru óumflýjanleg og ríkisstjórnarflokkarnir þurfa að stokka upp í forystusveitinni. Það þarf að styrkja virkan þingmeirihluta ríkisstjórnarinnar frá því sem nú er - til að tryggja skjóta afgreiðslu mikilvægustu málanna. Það hefur enda sýnt sig í allt of mörgum málum að erfitt er að stóla á þann þingmeirihluta sem núverandi stjórnarflokka eiga að hafa – og sennilega hefur ekkert eitt rýrt traust á ríkisstjórnina jafn mikið - og sundurlyndið.**

Persónulega sé tvo möguleika í stöðunni helsta:

**Í fyrsta lagi að Samfylkingin og Sjálfstæðisflokkurinn myndi ríkisstjórn.** Þó er hugsanlega enn lítil stemmning fyrir því í þjóðfélaginu að þessir tveir flokkar taki saman á ný. Það yrði þó að reikna með að þeir hafi lært það af hruninu að frelsi, eftirlitsleysi og óskilvirkt upplýsingaflæði getur verið banvæn blanda og að þeir komi hoknir af reynslu til leiks. Það sem mælir kannski einnig gegn þessari ríkisstjórn er að hjá allt of mörgum flokksmönnum beggja flokka er enn mikill pirringur milli manna eftir síðasta stjórnarsamstarf. En mín skoðun er einfaldlega að **menn geta ekki leyft sér að dragnast með einhverja fýlu í farteskinu þegar þjóðin ákallar þingheim um aðgerðir og lausnir.**

**Ég tel einnig að til greina komi að núverandi ríkisstjórn verði eflað með aðkomu Sjálfstæðisflokksins.** Með gríðarlega öflugum þingmeirihluta gætu undanvillingar í öllum stjórnarflokkum hlaupið út og suður að vild - án þess að það tefji fyrir þjóðþrifamálum. Ég tel að Sjálfstæðisflokkurinn hafi sýnt það í Icesavedeilunni að hann **taki þjóðarhag fram yfir pólitík þegar mest á reynir- en það er einmitt brýnasta verkefni stjórnarmálanna í dag.**

**Stjórnarsáttmálinn þarf að vera örstuttur og snúast um að gefa þjóðinni von um betri tíð þannig að hún sé tilbúin að leggja á sig erfiði næstu ára. Sáttmálinn má aldrei snúast um að draga til baka verkefni sem eru í lýðræðislegum farvegi og verður m.a. að tryggja að áfram verði haldið á þeirri braut að ná sem hagstæðasta samningi í viðræðum landsins við ESB.** Atvinnulífið kallar enda eftir rekstrarumhverfi sem skapar samkeppnishæfan atvinnurekstur og þar með framtíðarhagsæld fyrir Íslendinga. Einangrunarstefna og örmynt eins og íslenska krónan mun tryggja hvorugt.

**En forgangsverkefni þjóðarinnar nr. 1 er að tryggja að þjóðin segi já við Icesave í komandi þjóðaratkvæðagreiðslu.** Hvort að okkur beri skylda til þess að greiða Icesave eða ekki er í mínum huga löngu orðið aukaatriði. Þjóðaratkvæðagreiðslan snýst ekki um prinsipp heldur um blákalt hagsmunamat og hagsmunir atvinnulífsins og þar með þjóðarinnar liggja í því að klára málið. **Um þetta ríkir fullkominn einhugur hjá aðilum vinnumarkaðarins.** Skoðanakönnunin sem birtist í Viðskiptablaðinu í gær sem sýnir að fylkingar með og á móti Icesve eru svo til jafnar á **að fylla okkur skelfingu.** Icesave snýst um svo miklu alvarlegri hlut en líf einnar ríkisstjórnar eða hvort að við

**viljum greiða skuldir Landsbankamanna. Icesave snýst um lífskjör okkar á komandi árum og vil ég skora á alla atvinnurekendur að beita sér að afli í þessu máli þ.a. við tryggjum lífvænleg rekstrarskilyrði fyrirtækja okkar á komandi misserum. Ef Icesave verður felt þá mun engin ríkisstjórn hjálpa okkur upp úr þeirri stöðu.**

Ágætu fundargestir – eins og þið heyrið kalla ég eftir því að ábyrgt stjórnmalafólk myndi verkefnisstjórn um hagvöxt - **og rjúfi þar með kyrrstöðuna og neikvæðina, sem er okkur lífandi að grafa. Stjórnmalaflokkarnir eru með lífsafkomu þjóðarinnar í hendi sér og það eitt skiptir máli.** Flokkarnir verða einfaldlega að sammælast um að leggja til hliðar að mestu allan hugmyndafræðilegan ágreining næstu tvö árin þegar gengið verður til kosninga. Þá verður íslenskt samfélag vonandi komið á þann stað að dægurþras stjórnmalanna geti haldið áfram án stórskaða fyrir land og þjóð.

**En á komandi árum viljum við hjá SVP einnig sjá mun þéttara og öflugra samstarf milli stjórnmalanna og aðila vinnumarkaðarins.** Það er ekkert leyndarmál að íslenskt atvinnulíf hefur á undanförnum árum verið illa tengt inn í núverandi stjórnarflokka. Og það sem okkur hefur mistekist á undanförnum tveimur árum er að **byggja brýr okkar á milli** og þar er ekki við ríkisstjórnina eina að sakast – þar megum við hjá SA líta okkur nær. SA verður á hverjum tíma að vera vel tengt við valdhafana og þau tengsl verða að ná langt út fyrir formenn stjórnarflokkanna. Við verðum að mynda tengsl við alla við ríkisstjórnarborðið – þingflokka – ráðuneytisstjóra og lykilmenn innan ráðuneytanna. Ef samskiptin hefðu verið betri á undanförnum mánuðum er ég ekki í nokkrum vafa að staðan væri betri.

Á Norðurlöndum eru þessi samskipti í miklu fastari ferli en hér og við eigum að taka þau okkur til fyrirmyndar hvað þetta varðar. **Koma samskiptum stjórnmalanna og aðila vinnumarkaðarins í þannig ferli að við mannbreytingar geti það ekki gerst að mánuðir og ár líða án þess að aðilar hittist og eigi uppbyggileg samskipti sín á milli um brýn mál.**

Kæru félagsmenn – verkefnin sem við erum að takast á við eru mörg – en sjálfri finnst mér gaman að takast á við þau .....svona flesta daga. **Hugarfarið skiptir öllu máli** og ég er þess fullviss að við eigum að geta farið hratt upp á við. Lokaorð mín hér í dag verða í anda slagorðs átaksins okkar, og segi ég einfaldlega - "takk fyrir samspilið" og förum út í daginn með það að markmiði að "spila betur saman" - og gerum það með **bros á vör og bjartsýni í hjarta.**

Margrét Kristmannsdóttir  
formaður SVP